
Fiskeldisfréttir

Desember 2024 1. tölublað 11. árgangur



*Ársskýrsla samfélagsverkefnis
gegn spillingu 2024*

Samfélagsverkefni gegn spillingu - Ársskýrsla 2024



valdimar@sjavarutvegur.is

Fiskeldisfréttir eru nú tileinkuð Samfélagsverkefni gegn spillingu og í þessum blaði er að finna þriðju ársskýrskýrslu verkefnisins sem tekur fyrir árið 2024. Hér til hliðar er hægt að sækja ársskýrslu vegna ársins 2023 en þar er að finna betra yfirlit yfir það sem hefur verið gert á árunum 2019-2023.

Í byrjun ársins 2022 hófst formlega vinna við Samfélagsverkefni gegn spillingu og upplýsingar um verkefnið er að finna á vefsíðunni lagareldi.is. Best er að finna allar skýrslur og greinar sem tengjast verkefninu á sjavarutvegur.is

Málið varðar

Málið varðar vinnubrögðin við undirbúning og gerð laga um fiskeldi og jafnvel eftir

- III -

[Valdimar Ingi Gunnarsson](#) hefur unnið við fiskeldi yfir 30 ár og komið að fjölmörgum verkefnum fyrir stjórnvöld er tengjast fiskeldi, s.s. komið að skrifum á lögum og reglugerðum. Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem átti sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Frá byrjun ársins 2022 hefur verið unnið við Samfélagsverkefni gegn spillingu í hálfu starfi. Yfirlit um málið er að finna á lagareldi.is. Best er að finna allar greinar og skýrslur er tengjast málinu á sjavarutvegur.is

- III -

að lögin voru samþykkt frá Alþingi Íslendinga á árinu 2019. Þáverandi stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða komu að undirbúningi og gerð laga um fiskeldi. Málið snýst ekki um að nýta sér tækifærin, heldur að vera leiðandi við hönnun á leikreglum, skjalfest í lögum, sjálfum sér og sínum fyrirtækjum til fjárhagslegs ávinnings á kostnað annarra. Það sem átti að vera stefnumótun stjórnvalda varð að stefnumótun sérhagsmuna laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila. Af fræðimönnum kallast þessi aðferðafræði að „fanga ríkisvaldið“ (e. state capture). Ferlið er m.a. rakið í rannsóknaskýrslunum:

- [Stefnumótun í fiskeldi: Umræðan, tillögurnar og staðan](#)
- [Landsamband fiskeldisstöðva og stefnumótun í fiskeldi](#)

Mörg mál sem fjallað er um í Samfélagsverkefni gegn spillingu hafa ekkert með spillingu að gera en falla aftur á móti undir ófagleg og í sumum tilvikum óheiðarleg vinnubrögð.

Íslandsdeild Transparency International skilgreinir spillingu eftirfarandi:

„Spilling er misbeiting á opinberu valdi til persónulegs ávinnings. Spilling þrífst þar sem eftirlit skortir, ákvarðanatöku er óljós og aðkoma og áhrif almenningu eru lítil eða engin. Spillingu má fyrirbyggja með gagnsæi hvað varðar upplýsingar og gjörðir valdhafa, sem almenning getur skilið, treyst og fylgst með“.

Til fjárhagslegs ávinnings

Málið hefur snúist um fjárhagslegan ávinning allt frá því að [starfshópur](#)



[Sækja hér](#)

Útgefandi:

Sjávarútvegsþjónustan ehf.
ISSN 2251 5283

Ritstjórn:

Sjávarútvegsþjónustan ehf.
Helgubraut 17
200 Kópavogur

Ritstjóri:

Valdimar Ingi Gunnarsson (ábm.)
GSM 695-2269
Netfang: valdimar@sjavarutvegur.is

Vefslóð Fiskeldisfrétta:

www.lagareldi.is

Eftirprentun og tilvitnun er heimil, sé heimilda getið.

Samfélagsverkefni gegn spillingu

2019

Fyrsti áfangi:
**Beiðni um opinbera
rannsókn**

- Gerð var **athugasemd við frumvarp** um fiskeldi.
- Öllum **alþingismönnum** sendar ítarlegar greinagerðir um málið.
- **Auglýst í blöðum** þar sem hvatt var til opinberrar rannsóknar.
- **Fjölmiðlar hvattir** til að fjalla um málið og viðhafa faglega og góða rannsóknablaðamennsku.

2020-2021

Annar áfangi:
Upplýsa

- Skrifaðar voru **fjöl margar greinar til að upplýsa** um málið og vekja athygli á þeirri spillingu sem var viðhöfð við undirbúning og gerð laga um fiskeldi.
- Almennt var það verklag haft að tekin voru fyrir **umhverfismálin** í Bændablaðinu og **spillingin** í Morgunblaðinu.
- Málið kynnt á **samfélagsmiðlum** og fjöldi tölvupósta sendur til **ákveðinna markhópa**.

2022-2023

Þriðji áfangi:
Sjálfstæð rannsókn

- Það sem ekki var orðið við þeirri beiðni minni að framkvæmd yrði **opinber rannsókn á spillingu** við undirbúning og gerð laga um fiskeldi var ákveðið að fara formlega í þá vinnu í upphafi ársins 2022.
- Vinnan við gerð **rannsóknaskýrslna** sem verður grunnefni í fyrirhugaðri bók.
- **Upplýsa** með skrifum í fjölmiðla, útgáfu leiðbeininga fyrir fjölmiðla og senda reglulega fjöldatölvupósta til ákveðinna markhópa.

2024-2026

Fjórdi áfangi:
**Rannsókn og
ábendingar**

- Gerð **athugasemda við stefnumótun og frumvörp** stjórnvalda um lagareldi/fiskeldi og jafnframt komið með **ábeningar** um hvernig málum má koma í betri farveg.
- **Athugasemdir og ábendingar við skýrslur** opinberra stofnanna er tengjast laxeldi.
- Áfram unnið við gerð **rannsóknaskýrslna** og **upplýsa** með skrifum í fjölmiðla, útgáfu leiðbeininga fyrir fjölmiðla og senda fjöldatölvupósta.

2027-2028

Fimmti áfangi:
Bók

- Heiti bókarinnar verður **Lög um fiskeldi – „Þetta hefur eftirmála“**.
- Heiti bókarinnar „Þetta hefur eftirmála“ tekur mið af **SMS frá Kjartani Ólafssyni**, þáverandi stjórnarformanni Arnarlax og fulltrúa í opinberum stefnumótunarhópi eftir að höfundur sendi inn athugasemdir við fiskeldisfrumvarpið snemma á árinu 2019.
- Bókin verður á **rafrænu formi**, öllum aðgengilega eins og annað efni er tengist þessu verkefni.

Íslenska leiðin

Allt hefur snúist um að ná sem mestum fjárhagslegum ávinningi þar sem eldisleyfin eru verðmætin

Í upphafi skal endinn skoða, sem eflaust hefur verið gert af þáverandi stjórnarmönnum Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða:

- 2016**
 - **Auðlindin tekin:** Markvisst var sótt um eldissvæði í flestum fjörðum þar sem ekki var bannað að vera með laxeldi í sjókvíum til að tryggja sig til lengri tíma þar sem bestu svæðin eru takmörkuð og eftirsótt. Þannig er verið að koma sér í ákveðna stöðu með möguleika á fjárhagslegum ávinningi þar sem væntanleg leyfi voru verðmætin.
 - **Sett í sölubúning:** Útbúin viðskiptaáætlun þar sem eldissvæðin og framleiðsluheimildir voru verðmætin og erlendir aðilar fengnir að borðinu með fjármagn.
- 2017**
 - **Sérhagsmunagæsla:** Þáverandi stjórnarformenn tveggja stærstu laxeldisfyrirtækjanna létu skipa sig í starfshóp um stefnumótun í fiskeldi sem fulltrúa Landsambands fiskeldisstöðva og komust þannig í yfirburðastöðu til að vinna að hagsmunagæslu sinna fyrirtækja á kostnað annarra. Fyrirtæki stjórnarformanna voru búin að koma leyfisveitingarkerfinu í uppnám, urðu helstu ráðgjafar stjórnvalda, og nú var verkefnið að tryggja áfram þeirra stöðu og væntingar voru um mikinn fjárhagslegan ávinning.
 - **Koma sínum mönnum fyrir:** Ráðinn var starfsmaður fyrir stefnumótunarhópinn með aðstöðu í ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sem jafnframt var starfsmaður stjórnarformanns Arnarlax.
 - **Hanna leikreglur:** Gefin var út stefnumótunarskýrsla með hagstæðum tillögum fyrir stjórnarformennina, með væntingum um fjárhagslegan ávinning þar sem leyfin voru verðmætin.
- 2018**
 - **Vöntun á faglegu rýni:** Ráðuneyti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skrifaði tillögur stefnumótunarskýrslunnar inn í fiskeldisfrumvarpið og augljóslega var verið að huga að sérhagsmunum þeirra sem sömdu leikreglunnar.
- 2019**
 - **Ekki tekið á öllum málum:** Alþingi Íslands tók á ýmsum málum og bætti frumvarpið verulega, stoppaði af ýmis áform og dró þannig úr væntanlegum fjárhagslegum ávinningi stjórnarformananna.
- 2020**
 - **Fjárhagslegur ávinningur:** Í framhaldinu fóru laxeldisfyrirtækin í meirihlutaeigu erlenda aðila á erlendan hlutabréfamarkað og hefur þegar náðst verulegur fjárhagslegur ávinningur. Hér er um að ræða laxeldisfyrirtækin Arnarlax, Arctic Fish og Fiskeldi Austfjarða.
 - **Heimildir auknar:** Sú breyting var gerð í áhættumati erfðablöndunar að breytt var úr framleiðslu yfir í hámarks leyfilegan lífmassa og jukust þá framleiðsluheimildir um 30%.
 - **Ný leyfi:** Rekstrarleyfum var síðan breytt úr því að gera ráð fyrir framleiðslu yfir í hámarks leyfilegan lífmassa og jukust þá verðmæti leyfa um 30%.
- 2023**
 - **Drög að breytingum á lögum:** Með því að fá að tilhliðra leyfilegum lífmassa á milli svæða eins og nú er gert ráð fyrir í frumvarpi um lagareldi eykst framleiðslugeta laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila og þar með verðmæti leyfa. Að vera með ótímabundin rekstrarleyfi, heimild til verðsetningar og til leigu laxahluta færir auðlindin íslenskir firðir nær því að teljast til eignar sem þá er í meirihlutaeigu erlendra fjárfesta.
- 2024**
 - **Frumvarp fyrir Alþingi:** Frumvarpið var umdeilt og náði ekki fram að ganga á vorþinginu.

[sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðherra um stefnumótun í fiskeldi](#) var formlega stofnaður í lok ársins 2016.

Markvisst var sótt um eldissvæði í flestum fjörðum þar sem ekki var bannað að vera með laxeldi í sjókvíum, útbúin var viðskiptaáætlun þar sem svæðin voru verðmætin og erlendir aðilar fengnir að borðinu með fjármagn.

Þáverandi stjórnarformenn tveggja stærstu laxeldis-fyrirtækjanna létu skipa sig í starfshóp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi og komust þannig í yfirburðastöðu til að vinna að hagsmunagæslu sinna fyrirtækja á kostnað annarra.

Tillögur stefnumótunarhóps fóru síðan í gegnum alla stjórnsýsluna án verulegra breytinga og lög um fiskeldi voru samþykkt frá Alþingi Íslendinga á árinu 2019 sem vörðuðu leiðina fyrir fyrirtæki stjórnarformanna til mikils fjárhagslegs ávinnings.

Leyfin voru verðmætin og í framhaldinu fóru þau á erlendan hlutabréfamarkað og hefur þegar náðst verulegur fjárhagslegur ávinningur. Verðmæti leyfa jókst síðan við endurskoðun á áhættumati erfðablöndunar á árinu 2020 og þau munu aukast enn frekar ef frumvarp um lagareldi sem lagt var fram á árinu 2024 nær fram að ganga (sjá íslensku leiðina á síðunni hér að framan).

Verkefnin á árinu

Það hefur verið unnið að fjölmörgum verkefnum á árinu 2024, en mesta vinnan var lögð við gerða athugasemda og ábendinga við frumvarp um lagareldi. Vinnunni á árinu má skipa upp í eftirfarandi:

- Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla
- Upplýsa
- Rannsóknaskýrslur
- Beiðni til Samkeppniseftirlitsins

- III -

Tölvupóstar til markhópa til að upplýsa

Eftirfarandi sex tölvupóstar voru sendi til markhópa á árinu 2024:

- Ársskýrsla Samfélagsverkefnis gegn spillingu 2023.
- Drög að frumvarpi um lagareldi
- Slysasleppingin í Patreksfirð
- Frumvarp til laga um lagareldi – Umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar
- Frumvarp um lagareldi: Til fjárhagslegs ávinnings
- Ábending til Samkeppniseftirlitsins og lagareldisfrumvarpið.

Hægt er að skoða tölvupóstana og viðhengi sem þeim fylgja með að fara inn á [lagareldi.is](#)

- III -

- Frumvarp um lagareldi
- Umhverfismálin (erfðablöndun og laxalús)
- Strandbúnaðarmálið

Leiðbeiningar til fjölmiðla

Margt sem tengist sjókvíaeldi á laxi er flókið og erfitt fyrir ókunnuga að átt sig á. Á árinu 2024 voru gefnar út einar leiðbeiningar fyrir fjölmiðla „[Slysasleppingin í Patreksfirði: Aðdragandinn, ástæðurnar og viðbrögðin](#)“.

Hinn 20. ágúst 2023 var tilkynnt um gat á netpoka í sjókví hjá Arctic Sea Farm í Patreksfirði dótturfélagi Arctic Fish. Í lok ágúst hafði veiðst eldislax í ám á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðvesturlandi. Um miðjan september var búið að tilkynna um 100 eldislaxa í veiðiám, október um 300 og í desember voru þeir orðnir rúmlega 400 talsins. Engar ár með laxi eru í Patreksfirði og dreifðu eldislaxarnir sér því í laxveiðiár yfir stórt svæði.

Framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Arctic Fish gerði strax lítið úr slysasleppingunni sem vakti hörð viðbrögð andstæðinga sjókvíeldis. Þegar

umfang og alvara málsins kom í ljós steig forstjóri félagsins fram og harmaði atburðinn og bauðst til að greiða kostnað við að fjarlægja eldislaxinn úr veiðiám. Hvort og þá hve mikið Arctic Fish hefur greitt hefur ekki komið fram opinberlega svo vitað sé.

Í rannsókn málsins kemur fram að ljósastýringu hefði verið ábótavant sem var valdur þess að kynþroskahlutfall var hátt. Jafnframt að eftirlit með netpoka hafði verið ábótavant. Matvælastofnun vísaði málinu til Lögreglunnar á Vestfjörðum sem hætti síðan rannsókn seinni hluta ársins 2023:

„þar sem talið var að gögn málsins bæru ekki með sér að umbúnaður við kvína hafi verið áfátt vegna athafna eða athafnaleysis sakbornings og sakir séu miklar“.

Matvælastofnun, Landsamband veiðifélaga og fleiri aðilar hafa kært málið til Ríkissaksóknara.

Upplýsa

Það voru sendir tölvupóstar til fjölmargra markhópa eins og undanfarin ár. Í tölvupóstunum var kynntur

Mál nr. S-253/2023 | Birt: 6.12.2023 | Fjöldi umsagna: 306

Drög að frumvarpi til laga | Matvælaráðuneytið | Sjávarútvegur og fiskeldi

Frumvarp til laga um lagareldi

Markmið frumvarpsins er að skapa lagareldi á Íslandi skilyrði til verðmætasköpunar innan ramma sjálfbærrar nýtingar og með vistkerfisnálgun að leiðarljósi. Lagt er til að innleiddar verði þær aðgerðir sem fram koma í drögum að stefnu fyrir lagareldi sem hafa m.a. það að markmiði að lagareldi verði stjórnað á grundvelli skilgreindra mælikvarða sem stuðla þar með að því að greinin hafi sem minnst áhrif á umhverfi sitt, vistkerfi eða villta stofna, og sem tryggja að dýravelferð og sjúkdómar séu með besta hætti á heimsvísu.

Meginþættir frumvarpsins eru eðli máls samkvæmt þeir kaflar er lúta að sjókvíaeldi, landeldi og hafeldi.

1) Sjókvíaeldi

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar frá núgildandi lögum um fiskeldi. Meginefnisbreytingar eða nýmæli frumvarpsins frá gildandi lögum um fiskeldi eru eftirfarandi:

- Áhættumat erfðablöndunar gefið út í fjölda fiska
- Skýrara hlutverk Hafrannsóknastofnunar

- Lögfesting núgildandi friðunarsvæða og friðun Eyjafjarðar og Öxarfjarðar
- Áhættustýrt skipulag með innleiðingu smitvarnarsvæða
- Breytt fyrirkomulag úthlutunar
- Breytt fyrirkomulag á útfærslu og framkvæmd áhættumats erfðablöndunar
- Aukið eftirlit Matvælastofnunar
- Lækkun laxahlutar vegna stroks
- Breytingar á leyfilegum lífmassa vegna affalla og lúsasmits
- Hertar reglur um kynþroska fisks
- Breyttar úthlutunarreglur og álagning vegna Umhverfissjóðs sjókvíaeldis
- Breytt álagning framleiðslugjalds
- Breytt fyrirkomulag Fiskeldissjóðs
- Skýrara hlutverk Fisksjúkdómanefndar
- Samræmd hugtakanotkun

.....

Sækja [HÉR](#)

framgangur verkefnisins, tekin fyrir ákveðin mál, og á árinu 2024 voru móttakendur um 600 manns hverju sinni. Það hefur verið reynt að halda fjölda tölvupósta í hófi og voru sendir 6 póstar á árinu.

Á árinu 2024 voru skrifaðar þrjár greinar í Morgunblaðið þar sem tekið var fyrir atriði í frumvarpi um lagareldi er snéri að breytingum sem lutu að fjárhagslegum ávinningi laxeldisfyrirtækja undir stjórn

erlendra aðila:

- [Frumvarp um lagareldi: Flutningur og framsal til fjárhagslegs ávinnings.](#)
- [Frumvarp um lagareldi: Útboð á svæðum og heimildum.](#)
- [Frumvarp um lagareldi: Til fjárhagslegs ávinnings](#)

Rannsóknaskýrslur

Unnið var að skrifum á rannsóknaskýrslunni

Áhættumat erfðablöndunar, tillögur, gagnrýnin og staðan. Rannsóknaskýrslan mun gefa gott heilstætt yfirlit yfir ferli málsins allt frá árinu 2017 þegar [upprunalegt áhættumat erfðablöndunar](#) var gefið út og [skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi](#).

Upphaflega var áætlað að birta rannsóknaskýrsluna eftir að búið væri að gefa út endurskoðað áhættumat erfðablöndunar sem átti að gera á árinu 2023 en hefur ekki ennþá verið gert. Að vísu var gefin út leiðrétt tækniskýrsla með engum efnislegum breytingum á árinu 2023 þrátt fyrir alvarlegar athugasemdir [Vísindanefndar](#) og [Ríkisendurskoðunar](#). Skv. lögum um fiskeldi á að gefa út nýtt endurskoðað áhættumat erfðablöndunar að lágmarki á þriggja ára fresti. Það geta því liðið fimm ár ef áhættumatið verður mögulega gefið út um vorið 2025.

Í byrjun ársins 2025 verður lagt mat á hvort rannsóknaskýrslan verður gefin út á þessu ári eða beðið eftir nýrri endurskoðun á áhættumati erfðablöndunar.

Nú er einnig unnið að rannsóknaskýrslunni Lög um fiskeldi - Löggjafarvaldið og stjórnsýslan sem tekur fyrir tímabilið frá því að skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun fiskeldi var gefin út í ágúst 2017 til þess árs sem rannsóknaskýrslan verður gefin út.

Jafnframt verða unnar fleiri rannsóknaskýrslur sem eru komnar styttra í vinnslu og voru þær helstu taldar upp í síðustu árskýrslu Samfélagsverkefnið gegn spillingu.

Beiðni til Samkeppniseftirlitsins

Hinn 16. september var send beiðni til Samkeppniseftirlitsins

[Hindranir í fiskeldi/lagareldi sem stafa af lögum og reglugerðum.](#) Málið varðar aðgangshindranir og samkeppnishömlur sem settar hafa verið í lög og reglugerðir fiskeldis og fyrirhugað er að gera í frumvarpi um lagareldi til hagsbóta fyrir laxeldisfyrirtækjum undir stjórn erlendra fjárfesta. Upphaf málsins eru breytingar á lögum um fiskeldi nr. 71/2008 á árinu 2019 er grundvallast á tillögum skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi sem var gefin út á árinu 2017. Það er búið að að blokkera eldissvæði/firði með það að yfirskeyni að það eigi að hefja eldi á ófrjóum laxi til að hindra aðgengi nýrra aðila og leggja til hagstætt úthlutunarkerfi með samkeppnishömlunum til að tryggja hagsmuni núverandi rekstrarleyfishafa. Hinn 14. október barst svar og þar kom fram að „*eins og staðan er núna er þessi markaður ekki til rannsóknar hjá okkur en ábending þín kæmi til góðrar notkunar ef Samkeppniseftirlitið tekur þennan markað til skoðunar*“.

Frumvarp um lagareldi

Nýtt frumvarp um lagareldi var kynnt af Matvælaráðuneytinu



[Sækja hér](#)



[Sækja hér](#)

hinn 6. desember 2023. Hinn 12. janúar 2024 sendi Sjávarútvegsþjónustan [umsögn við drög frumvarpi um lagareldi](#). Aftur, hinn 8 maí sendi Sjávarútvegsþjónustan ítarlega [umsögn við frumvarpi um lagareldi](#). Mest af vinnu við Samfélagsverkefni gegn spillingu á árinu 2024 fór í að gera athugasemdir og koma með ábendingar við drög og endanlegt frumvarp um lagareldi.

Undirbúningur og gerð laga um fiskeldi á árinu 2019 snérist í of miklu mæli um að erlendir fjárfestar og íslenskir fulltrúar þeirra næðu sem mestum fjárhagslegum ávinningi.

Það kemur á óvart að erlendir fjárfestar eða fulltrúar þeirra virðast ennþá hafa mikil áhrif á stefnumótandi ákvarðanir stjórnvalda og með beina eða óbeina aðkomu að skrifum á lagatexta er varða þeirra fjárhagslegu hagsmuni.

Tilgangur með umsögn við frumvarp um lagareldi var einkum að leggja sitt að mörkum við að koma í veg fyrir áframhaldandi fjárhagslegan ávinning fámenns hóps fjárfesta á kostnað umhverfismála og að eigur Íslendinga verði fótum troðið.



[Sækja hér](#)

Umhverfismálin - erfðablöndun

Það hefur gefist lítil tími til að vinna að umhverfismálunum á árinu 2024, nema er varðar umsögn við frumvarp um lagareldi. Jafnframt voru gefnar úr Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla eins og áður nefnir um slyssleppinguna í Patrekfirði sem átti sér stað í ágúst 2023 og í framhaldinu gekk kynþroska eldislax upp í fjölmargar veiðiár og vakti það mikla athygli og viðbrögð. Í Noregi hefði strax verið brugðist við slíkum viðburði en hér á landi var það ekki gert fyrr en um þremur vikum eftir strokviðburð og að loknum neyðarfundi í Matvælaráðuneytinu.

Yfir 400 eldislaxar voru fjarlægðir úr fjölmörgum veiðiám. Það var í reynd tímaspursmál að slíkur strokviðburður ætti sér stað og má alltaf búast við slíkum viðburði á næstu árum og þá ekki eingöngu úr sjókvíaelði heldur einnig seiðaeldi og landeldi þó líkurnar séu þar töluvert minni.

Áhættumat erfðablöndunar er fyrst og fremst úthlutunarkerfi á framleiðsluheimildum á frjóum laxi og stenst enga skoðun sem áhættumat. Það voru fáir sérfræðingar hjá Hafrannsóknastofnun sem

Umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar við frumvarp um lagareldi

Þannig að það sé sagt þá er margt gott og vel gert í frumvarpinu en það var ekki sértaklega fjallað um það í umsögninni. Annað þyrfti að útfæra betur, sumt afleitt og eru gerðar athugasemdir og ábendingar við þær greinar frumvarpsins og eru þær helstu eftirfarandi:

- *Flókið*: Hve flókin útfærslan er og í því sambandi er m.a. bent á laxahluti (VII. kafli), strok (VIII. kafli) og grein um forsendubrest (64 gr.).
- *Óréttlátt*: Refsing með skerðingu leyfa/heimilda bitna einnig á starfsmönnum, þjónustuaðilum og nærsamfélaginu, s.s. vegna forsendubrests (64 gr.), affalla (IX. kafli) og lús (X. kafli). Leiðin að fara er að láta greiða refsigjald.
- *Ekki dómtækt*: Að refsíákvæðum í sumum greinum frumvarpsins munu vart vera dómtæki ef málið fer fyrir íslenska dómstóla, s.s. ákveðnar greinar um strok (VIII. kafli), afföll (IX. kafli) og kynþroska (XI. kafli).
- *Færa til eignar*: Að vera með ótímabundin rekstrarleyfi (33 gr.), heimild til verðsetningar (120 gr.) og heimild til leigu laxahluta (kafli VII kafli) færir auðlindin íslenskir firðir nær því að teljast til eignar. Í framhaldinu munu málin þróast þannig að um varanlega eign verður að ræða eða sagt með öðrum orðum að arðurinn af auðlindinni íslenskir firðir verður einkavæddur að mestu í þágu erlendra fjárfesta.
- *Yfirtaka*: Ákvæði um smitvarnarsvæði (IV. kafli), útboð smitvarnarsvæða (V. kafli) og bráðabrigðaákvæða (I, II) munu stuðla að því að allt laxeldi í sjókvíum hér á landi munu verða í eigu Arnarlax, Arctic Fish og Ice Fish Farm sem eru í meirihlutaeigu erlendra fjárfesta/sjóða.

Áhættumat erfðablöndunar (6. gr.) er úthlutunarkerfi og hefur lítið sem ekkert með umhverfisvernd:

- Athyglisvert er að innleiða á mótvægisáðgerðir ef rekstrarleyfishöfum hentar.
- Tillögur Hafrannsóknastofnunar eru bindandi fyrir ráðherra og veldur það áhyggjum þegar horft til þeirra vinnubraga sem hafa viðgengist hjá stofnuninni og mikilvægt er að draga að aðra óháða sérfræðinga.
- Ennþá er gert ráð fyrir að lögfesta heimild til erfðablöndunar.
- Ef Alþingi Íslendinga vill láta taka sig alvarlega í umhverfismálum þarf að taka hugmyndaferði áhættumatsins til gagnrýndar endurskoðunar.

Ákvörðun um smitvarnarsvæði þarf að taka mið af rannsóknnum en ekki út frá núverandi staðsetningu sjókvíaeldisstöðva og horfa til framtíðar (11. og 12 gr.). Skerpa þarf á reglum um flutning eldisfisks, farartækja og búnaðar milli smitvarnarsvæða (14., 15. og 21. gr.) og innflutning á notuðum eldisbúnaði og flutningstækjum (20 gr.). Smitvarnarsvæði munu ekki skila því sem stefnt var að og laxalúsálirfur berast á milli svæða og málið þarf að skoða í stærra samhengi, setja miklar kröfur um tíðni laxalúsar á eldislaxi og ekki minnst að reglum sé framfylgt.

Varðandi úthlutun smitvarnarsvæða (V. kafli) mun það stuðla að því að Ice Fish Farm mun áfram vera með allt laxeldi á Austfjörðum og á Vestfjörðum munu þau vera í eigu Arctic Fish og Arnarlax. Hér um að ræða félög sem eru undri stjórn erlendra fjárfesta.

Sérreglur einstakra rekstrarleyfishafa (35 gr.) verði ekki heimilaðar og eingöngu verði stuðst við almennar reglur sem allir fari eftir að öðrum kosti verði illmögulegt að halda niðri laxalúsaálaginu eins og reynslan hefur sýnt.

Varðandi útboð á laxahlutum (VII. kafli) eiga íslensku félögin litla sem enga möguleika að keppa við laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila. Ef þau íslensku félög sem mögulega verða ekki yfirtekin vilja stækka þurfa þau að leiga laxahluti af laxeldisfyrirtækjum sem eru að mestu í eigu erlendra fjárfesta. Með innleiðingu á laxahlutum í frumvarpinu er um að ræða milljarða eða tugmilljarða fjárhagslegan ávinning einkum til Ice Fish Farm, Arnarlax og Arctic Fish.

Kaflann um stork (VIII. kafli) þyrfti að endurskoða og einfalda. Eingöngu yrði miðað við að greitt yrði ákveðið gjald fyrir hvern eldislax sem veiddist. Komið yrði á markvissri vöktum í veiðiám og allur sjáanlegur eldislax fjarlægður.

Varðandi afföll (IX. kafli) snýst málið m.a. um trúvaranleika og tvöfalt bókshald. Lagt er til að fyrst í stað verði málið skoðað, rannsakað og ráðherra gefinn heimild að setja refsíákvæði í reglugerð.

Varðandi kaflann um laxalús (X. kafli) þá á að setja flest í reglugerð og framvindan mun að miklu ráðast af því hvaða ráðherra sitji hverju sinni. Mælt er með að í lögin verði sett hámarks viðmið, t.d. 0,5 kynþroska kvenlýs/eldisfisk.

Varðandi kynþroska eldislaxa (61 gr.) þá eru áskoranir um trúverðugleika við sýnatöku og miklar kröfur og jafnvel óraunæfar um lágt kynþroskahlutfall. Greinin mun ekki koma í vega fyrir að kynþroska eldislaxa geti mögulega sloppið og því mikilvægt að hafa gott skipulag að fjarlægja eldislax úr veiðiám.

Varðandi framleiðslugjald samfélagssjóðs (XIV. kafli) munu fyrirhugaðar breytingar ekki leiða til hækkunar á gjaldinu per kg slátrufisk frá því sem nú er þrátt fyrir að margir kalli eftir því.

Í staðinn fyrir að rekstrarleyfishafinn greiði gjald fyrir hvert kg af slátruðum eldislaxi (76. gr.) verði farin sú leið að greitt verði fyrir leyfilegan lífmassa hverju sinni. Með þessu móti greiði rekstrarleyfishafi fullt gjald fyrir auðlindina íslenskir firðir óháð því hvort hana nýti hana eða ekki.

Varðandi breyting á öðrum lögum (139. gr.) er kemur inn á eignaraðild erlendra aðila í íslensku sjókvíaeldi er kallað eftir skýringum af hverju ekki er hægt að hafa sömu reglur og í tilfelli íslensks sjávarútvegs og sjókvíaeldis í Færeyjum.

[Sækja hér](#)

komu að gerð áhættumats erfðablöndunar og innan stofnunarinnar sem utan voru skiptar skoðanir.

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar „[Samantekt vöktunar vegna áhrifa sjókvíældis á íslenska laxastofna 2023](#)“ kemur fram að Alþjóða laxaverndunarstofnunin (NASCO), sem Ísland gekk nýlega inn í aftur, hefur lagt það til við aðildarlönd sín að

útbúa áhættumat svipað því norska. Hafrannsóknastofnun áætlað að birt slíka greiningu á árinu 2025. Nú ætla, a.m.k. ákveðnir sérfræðingar innan stofnunar að gera áhættumat þegar allt er komið í óefni, en betra er seint en aldrei. En um hvað snýst áhættumat og skoðum norsku aðferðafærðina sem vísað er til.

Í Noregi er notað áhættumat þar sem kortlögð er og greind óvissa á frekari erfðabreytingum í villtum laxi vegna innblöndunar á eldislaxi. Áhættumatið er hluti af stjórnsýslunni, grundvöllur ákvarðanatöku til að tryggja sjálfbæra þróun norsks laxeldis í samræmi við norsk og alþjóðleg sjálfbærnimarkmið. Niðurstöður áhættumatsins er birtar í formi áhættukorts sem ætlað er að veita skilning á áhættuþáttum, áhrifum og afleiðingum erfðablöndunar. Þættir sem hafa áhrif á umfang frekari erfðablöndunar er fyrst og fremst hátt hlutfall eldislaxa á hrygningarsvæðunum og viðnámsþrótti villta laxastofnsins við nýrri innblöndun eins og sýnt er á

Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins


[Sækja hér](#)

myndinni hér að neðan.

Í [stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins](#) eru ákvæði um fiskeldi sem hljóða svo:

„Ríkisstjórnin mun styrkja lagaumgjörð fiskeldis til að sporna gegn neikvæðum áhrifum á lífríki og innleiða hvata til eldis á ófrjóum laxi og til eldis í lokuðum kvíum“.

Jákvætt, en það sem er athyglisvert og gagnýnisvert í stefnuyfirlýsingunni er innleiðing hvata en þar er verið að róa andstæðinga sjókvíældis á laxi og gefa þeim falskar vonir. Íslenskt fiskeldi er í alþjóðlegri samkeppni



Dæmi um myndræna framsetningu á áhættu á erfðablöndun á villtum laxi. Áhættukort af áhættuþáttum, áhrifum og afleiðingum erfðablöndunar auðkennt með litakóða sem tákn fyrir hugsanlegar líkur og stöðu bakgrunnsspekingar.

ÁLITSGERÐ UM ÁHÆTTUMAT HAFRANNSÓKNASTOFNUNAR

Sækja HÉR

og innleiðing mun gera eldið óarðbært.

Hugmyndin um eldi á ófrjóum laxi kom á árinu 2017 til að laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra fjárfesta gætu haldið sínum eldissvæðum. Þá var þróun á eldi á ófrjóum laxi búin að standa yfir í áratugi, það eftirstendur töluverð þróunarvinna og í Noregi er það óheimilt vegna velferðamála sem lýsir einna best stöðunni.

Eldi á laxi í lokuðum sjókvíum mun auka framleiðslukostnað verulega og ef það á að geta keppt á erlendum markaði þarf íslenska ríkið að greiða með því. Mögulega getur framleiðsla á stórseiðum í lokuðum kvíum verið valkostur til að stytta eldi í hefðbundnum sjókvíum og þannig draga úr umhverfisáhrifum en það á eftir að sýna fram á að það sé samkeppnishæfur valkostur.


Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar „[Samantekt vöktunar vegna áhrifa sjókvíaeldis á íslenska laxastofna 2022](#)“ kemur fram að samkvæmt lögum um fiskeldi skal uppfæra áhættumatið að minnsta kosti á þriggja ára fresti og uppfært áhættumat því gefið út árið 2020 og væntanleg uppfærsla verður birt síðar á árinu 2023. Ekkert hefur orðið að endurskoðun og í byrjun ársins 2025 eru fjögur og hálf ár frá því að efnislegar breytingar voru gerðar á áhættumati Hafrannsóknastofnunar. Engin endurskoðun þrátt fyrir alvarlegar athugasemdir í [skýrslu vísindanefndar](#)

á árinu 2020 og í [skýrslu Ríkisendurskoðunar um sjókvíeldi](#) sem gefin var út á árinu 2023.

Mikill fjöldi eldislaxa gekk upp í veiðiár úr slyasleppingu í Patreksfirði í ágúst 2023, og var þar farið yfir viðmiðunarmörk í nokkrum ám. Nú er Hafrannsóknastofnun í vanda, það þarf að lækka framleiðsluheimildir, að vísu er alltaf hægt að breyta forsendum og reiknilíkani og fá þá niðurstöðu sem er hagfeld og óskað er eftir af þeim sem hafa af því fjárhagslegan ávinning. Þessu var varað við þegar áhættumat erfðablöndunar var lögleitt, afleiðingin væri m.a. færri atvinnutækifæri og öllum yrði refsar fyrir ófullnægjandi frammistöðu eins rekstraraðila. Með því að sekta og jafnvel endurkalla rekstrarleyfi myndi eingöngu tjónvaldur verða fyrir skaða. Landsamband veiðifélaga réði Arev tölfraði til þess að fara yfir þann þátt áhættumats Hafrannsóknastofnunar sem lýtur að áhættumatslíkani fyrir ágengni eldislax í laxveiðiám á Íslandi. Arev gerði fjölmargar athugasemdir við áhættumat erfðablöndunar í skýrslunni „[Álitsgerð um áhættumat Hafrannsóknastofnunar](#)“ sem gefin var út í maí 2024 og síðan í nóvember sama ár var gefið út „[áhættumat Arev](#)“ þar sem er að finna valdar veiðiár sem fóru yfir viðmiðunarmörk á árinu 2023 m.t.t. hámarks hlutfalls frjórax eldislaxa í veiðiám.

Umhverfismál - laxalús

Í febrúar 2024 gaf Matvælastofnun út skýrsluna „[Afföll vegna laxalúsa í Tálknafirði 2023](#)“. Um var að ræða greiningu á atburðarás laxalúsafársins í Tálknafirði um haustið 2023. Höfundur hafði áður gefið út skýrsluna „[Laxalúsafár í Tálknafirði: Aðdragandi, ástæður og afleiðingar](#)“ í lok ársins 2023 þar sem margt er rakið og útskýrt sem ekki er gert í



Sækja HÉR

skýrslu Matvælastofnunar.

Til þess að fyrirbyggja atburð sem þennan telur Matvælastofnun nauðsynlegt að breyta lagaumhverfi á þann hátt að settur verði heildstæður rammi fyrir varnir gegn sjúkdómum og sníkjudýrum í fiskeldi með áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir og skjót viðbrögð. Með því megi stuðla að sjálfbærni og ábyrgu fiskeldi. Það var ljóst að lagaumhverfið í kringum laxalúsina var verulega ábótavant þegar lög nr. 71/2008 um fiskeldi voru endurskoðuð á árinu 2019 þar sem fyrirséð var mikil aukning í laxeldi í sjókvíum. Af hverju Matvælastofnun kemur með þessa ábendingu fyrst eftir að allt var komið í óefni er óljóst og þarfnast frekari skýringa af hálfu stofnunarinnar. Vissulega eru ekki kjör aðstæður fyrir laxalúsa hér á landi en við mikinn þéttleika í eldinu með takmörkuðum mótvægisáðgerðum er laxalúsinn til vandræða.

Í maí var gefin út [breytinga-reglugerð nr. 367/2024](#) á reglugerð nr. 540/2020, um fiskeldi en þar er aðeins gerð breyting er varðar talningu á laxalús. Hér er ekki verið að taka á málum þar sem aukin talning breytir engu. Í sjálfum sér furðuleg breyting miðað við



Á lusdata.no er hægt að nálgast upplýsingar um fjölda laxalúsa á eldisfiski í Noregi, fyrir hvert eldissvæði.

Þau viðfangsefni sem þarf að takast á við.

Það hefur vakið athygli að stefnubreyting hefur verið gerð á árinu 2024 er varðar heimild til notkunar á laxalúsalyfjum. Nú veitir [Fisksjúkdómanefnd](#) undanþágu til notkunar á laxalúsalyfjum til þeirra laxeldisfyrirtækja sem þess óska. Í greinagerðum með undanþágunum er ekki tekið fram hvort og þá hvaða umhverfissvænar mótvægisáðgerðir höfðu verið viðhafðar.

Það hefur verið lögð áhersla á upplýsingagjöf og gagnsæi og margt gott verið gert og eru margar góðar upplýsingar á Mælaborði fiskeldi hjá Matvælastofnun. Vakið hefur athygli að búið er að taka út upplýsingar um einstök eldissvæði þar sem m.a. fá finna upplýsingar um fjölda laxalúsa og afföll fyrir einstakar kvíabyrpingar. Gefnar eru upplýsingar um hvern fjörð, en þar geta verið margar kvíabyrpingar með mismunandi laxalúsaálagi og jafnvel með fleiri en einum rekstraraðila. Með þessri breytingu er minna gagnsæi en t.d. í Noregi en þar er hægt að finna upplýsingar um fjölda laxalúsa á eldisfiski fyrir hvert eldissvæði á lusdata.no

Arnarlax, Arctic Fish og Kaldvík er að mestu í eigu Norðmanna. Jafnframt er yfirstjórn ofanefndra fyrirtækja norsk og þurfa að lúta minna gagnsæi hér á landi en þeir þyrftu við stjórnun sambærilegra fyrirtækjum í Noregi.

Strandbúnaðarmálið

Strandbúnaðarmálið gengur út á þöggun m.a. með aðstoð opinberrar stofnunar, þar sem reynt hefur verið að þagga niður í höfundi vegna gagnrýni hans á spillingu

innan atvinnugreinarinnar. Þau tímamót hafa nú átt sér stað að það hefur tekist að fá inn í fundagerð aðalfundar Strandbúnaðar allar athugasemdir höfundar en fram að því hafa þær að mestu verið hunsaðar þar sem opinber starfsmaður Gunnar Þórðarson hjá Matís hefur gengið fremstur í flokki. Fráfarandi stjórnarformanni Strandbúnaðar, Jens Þórðarsyni er þakkað fyrir hans framlag að koma þessari breytingu í framkvæmd. Fundagerð aðalfundar er að finna [HÉR](#).

